

Aðstandendahópur Geðhjálpar stofnaður á morgun Geðsjúkir hafa setið eftir

Eftir Elvu Björk Sverrisdóttur
elva@mbli.is

VEL hefur verið tekið á málefnum fatlaðra í samfélaginu undanfarin ár en geðsjúkir hafa setið eftir. Þetta segir Auður Styrkarsdóttir, en hún stendur ásamt fleira fólki að stofnun aðstandendahóps Geðhjálpar. Hópurinn verður formlega stofnaður á morgun, en Auður segir að hann hafi nokkuð lengi verið starfandi innan samtakanna með óformlegum hætti. Meginmarkmið hópsins verður að berjast fyrir því að þeir sem þjáast af geðsjúkdómum og aðstandendur þeirra njóti sömu mannréttinda og virðingar og aðrir í samfélaginu. Auður segir að því miður skorti nokkuð á þetta.

Hún segir að í búsetumálum og endurhæfingu geðsjúkra séu Íslendingar eftirbátar nágranna-landanna.

„Það er líka nokkuð um for-dóma og vanþekkingu meðal okkar í garð þessara sjúkdóma og við viljum vinna gegn þessu,“ segir Auður. Hún segir miklu skipta að koma málum þannig að hægt verði



Auður Styrkarsdóttir

að ræða um geðsjúkdóma eins og aðra sjúkdóma. „Það er mjög mikilvægt, líka fyrir þá sjúku,“ segir hún og bendir á að ef samfélagið sé ekki upplýst um þessa sjúkdóma sé erfitt að koma hinum sjúku til hjálpar.

Auður segir að aðstandendunum hafi þótt tímabært að stofna með formlegum hætti hóp sem hafi ákveðin markmið og starfi undir hatti Geðhjálpar. Um 20 manna hópur aðstandenda hafi hingað til verið að hittast og ræða mál. „Við vonumst til þess að fá fleiri til liðs við okkur og höfum í sambandi við fundinn rætt við aðra. Það taka þessu flestir mjög vel,“ segir Auður.

Öflugt starf innan Geðhjálpar

Árni Magnússon, félagsmála-ráðherra, hyggst mæta á stofn-fundinn. Auður segir ráðherra ætla að skýra frá því hvað sé í bí-

gerð hjá hans ráðuneyti í mál-efnum geðsjúkra. „Það hefur verið lagður til einn og hálfur milljarður í þennan málaflokk, en þeir pen-ingar eiga að fara í búsetuárræði og endurhæfingu fyrir geðsjúka. Við vonumst til að koma að þeim málum, enda hafa ráðherrar sagt að bæði verði leitað til sjúklinga og aðstandenda,“ segir Auður og bætir við að hópurinn hlakki til þess samstarfs. „Við teljum mik-ilvægt að allir ræði saman um þessi mál.“

„Geðhjálp er sterkt og gott fé-lag og þar fer fram öflugt starf. Við viljum líka styðja við það með þessum hætti,“ segir Auður enn-fremur.

Hún segir að aðstandendahóp-urinn leggi til að haldnir verði mánaðarlegir fundir um þessi mál. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt geti haft samband við hana eða Geðhjálp. Stefnt er að því að kjósa á stofnfundinum þrjá að-standendur til að vera talsmenn hópsins og samræma störf hans. Fundurinn verður haldinn klukk-an 14 í húsnæði Geðhjálpar á Tún-götu 12 í Reykjavík.